

Skrifstofa umhverfisgæða
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Norðurlandi vestra, 12. febrúar 2026

Efni: Umsögn stjórnar SSSNV um Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna einföldunar regluverks og aukinnar skilvirkni eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum, nr. S-3/2026.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. S-3/2026, "Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna einföldunar regluverks og aukinnar skilvirkni eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum". Umsagnarfrestur er til og með 17.02.2026.

Stjórn Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV) lýsir yfir verulegum áhyggjum af þeim áformum sem fram koma í frumvarpinu um að færa allt eftirlit með hollustuháttum og mengunarvörnum frá heilbrigðiseftirlitum sveitarfélaga til Umhverfis- og orkustofnunar og að eftirlit með matvælum flytjist til Matvælastofnunar.

Með frumvarpinu er lagt til að heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga verði lögð niður og að stærstur hluti starfsemi þeirra, þar með talið tekjuberandi verkefni, flytjist til ríkisins. Þetta kollvarpar rekstrargrundvelli viðkomandi eininga og skilur sveitarfélög eftir með verkefni sem eru þjónustuháð, tekjulítil og í mörgum tilvikum ófjármögnuð.

Stjórn SSSNV telur slíka tilfærslu fela í sér veigamikla veikingu sveitarstjórnarstigsins og ósanngjarna tilfærslu fjárhagslegs álags frá ríki til sveitarfélaga án fullnægjandi mótvægisáðgerða.

Á Norðurlandi vestra gegna heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga lykilhlutverki í að tryggja öryggi íbúa, heilnæmt umhverfi og stöðuga þjónustu við fjölbreytt atvinnulíf, þar á meðal ferðaþjónustu, matvælaframleiðslu, sjávarútveg og smærri fyrirtæki.

Staðbundin þekking starfsmanna á aðstæðum, áhættuþáttum, veðurfari, atvinnuháttum og landfræðilegum aðstæðum er grundvöllur skilvirkis eftirlits og hraðra viðbragða. Færsla verkefna í miðlægt kerfi ríkisstofnana mun óhjákvæmilega draga úr þessari nálægð og veikja þjónustu, sérstaklega í dreifbýli þar sem vegalengdir eru langar og aðgengi að sérfræðipekkingu takmarkað.

Þrátt fyrir yfirlýsingar um að störfum verði fjölgað á landsbyggðinni er ekkert í frumvarpinu sem tryggir slíkt í framkvæmd. Stjórn SSSNV telur verulega hættu á að störf flytjist frá svæðinu og að sérþekking tapist úr heimabyggð.

Í rökstuðningi frumvarpsins er vísað til ábendinga Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA). Stjórn SSSNV bendir á að þær ábendingar kalla ekki á niðurlagningu heilbrigðiseftirlita sveitarfélaga heldur snúa fyrst og fremst að:

- samræmingu framkvæmdar
- skýrari ábyrgð
- sameiginlegum upplýsingakerfum

Öllum þessum markmiðum er unnt að ná innan núverandi kerfis með mun vægari og hagkvæmari úrræðum. Frumvarpið felur því í sér meiri íhlutun sem ekki er studd fullnægjandi rökum um nauðsyn eða ávinning.

Fyrirhuguð gildistaka 1. janúar 2027 felur í sér mjög skamman aðlögunartíma fyrir umfangsmikla kerfisbreytingu. Ljóst er að:

- starfsmannabreytingar verða umfangsmiklar
- verkferlar munu breytast
- upplýsingakerfi þurfa að vera fullbúin og samhæfð

Stjórn SSNV telur verulega hættu á rofi í eftirliti, leyfisveitingum og viðbragðsgetu, sem myndi bitna sérstaklega á atvinnulífi Norðurlands vestra þar sem reglubundið og skjótvirkt eftirlit er forsenda rekstraröryggis.

Sveitarfélög á Norðurlandi vestra munu að óbreyttu standa frammi fyrir biðlaunakostnaði, breytinga- og aðlögunarkostnaði og verkefnum sem fylgja engar tekjur með.

Afnám tekjustofna heilbrigðiseftirlitanna án fullrar jöfnunar mun hafa bein neikvæð áhrif á fjárhag sveitarfélaga á svæðinu og rýra svigrúm þeirra til að sinna lögbundinni þjónustu.

Stjórn SSNV telur að markmiðum frumvarpsins um bætt samræmi og skilvirkni verði mun betur náð með því að efla samræmingarhlutverk ríkisstofnana, samræma verklag á landsvísu, innleiða sameiginleg upplýsingakerfi, og skýra ábyrgðarskiptingu án þess að leggja niður staðbundin heilbrigðiseftirlit.

Stjórn SSNV telur frumvarpið ófullmótað, illa rökstutt og líklegt til að veikja þjónustu við íbúa og atvinnulíf á Norðurlandi vestra, auk þess að grafa undan fjárhagslegum grunni sveitarfélaganna.

Stjórn skorar því á ráðherra að draga frumvarpið til baka og hefja þess í stað raunhæft samráð við sveitarfélög og hagsmunaaðila um úrbætur sem byggja á meðalhófi, staðbundinni þekkingu og hagkvæmni.

F. h. stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra



Sveinbjörg Rut Pétursdóttir,
Framkvæmdastjóri